

Fjörug fóstbræðrasaga

BÆKUR

Dauðans óvissi tími

eftir Þráin Bertelsson. 371 bls. JPV útgáfa, 2004.

Þræðir nýrrar spennusögu Þráins Bertelssonar eru aðallega tveir: grimmdarlegt morð á Ægissíðunni og bankarín á Vesturgötu sem endar með ósköpum. Prestlærður yfirlögregluþjónn, Víkingur Gunnarsson, heldur þráðunum í hendi sér og vinnur að lausn þessara erfiðu mála. Hann er heimspekilega sinnaður, geðugur og rökfastur en glímir við streituþunglyndi á stundum. Ásamt öflugu starfsliði sínu, reyndum lögreglumönnum, sérfræðingum og sersveitum, færist hann smátt og smátt nær lausninni og í lokin tvinnast þræðirnir saman. Sögusviðið er Reykjavík samtímans með öllu því sem nútíma og alþjóðahyggju fylgir: pólitík og pilsfaldakapítalisma, mafíumyndun, valdabrölti, peningaþvætti og glæpum.

Sagan er vel byggð, frásögnin hröð og fjörug enda oft skipt um sjónarhorn. Auk þess sem sjónarhornið er hjá Víkingi er m.a. fylgst með fóstbræðrunum Þorgeiri og Þormóði bisa við bankarín, sjónum er beint tvíeykinu Petru og Vasilí sem eru glæpahyski og „geðvillingar“ og Haraldi Rúrikssyni viðskiptajöfri en hann er fóstbróðir hins myrta. Mikil alúð er lögð í persónusköpun í sögunni og eru aukapersónur einnig vel gerðar og líflegar, t.d. Erlingur skólastjóri á eftirlaunum og Sighvatur sumarhúsaeigandi. Samtöl renna vel og sagan er í heild vel stíluð, full af lúmskum húmor og háðsglósum á íslenskt þjóðfélag og þjóðkunna einstaklinga. Höfundur tekur sérstaklega fram að persónurnar séu hugarfóstur og eigi sér engar fyrirmyndir, lifandi eða dauðar (7). Þó eru ansi margar kunnuglegar persónur sem stíga fram og ekki er tekið á með silkihönskum. Í hnyttum kafla sem heitir Skáldlegt réttlæti (86-89) segir t.d. frá velgengni Haraldar Rúrikssonar sem auðgaðist á áfengisframleiðslu í Rússlandi eftir að hafa hrökklast úr landi „ataður tjöru og fiðri“ þegar Farskip fór á hausinn. Hann sneri síðan aftur, stofnaði Hurðarás og keypti bæði Gufuskipafélagið og Þjóðbankann. Kannast ekki einhver við kauða? Eða prófessor Lárus sem fékk þá frábæru hugmynd að búa til gagnagrunn um sjúkdóma, dánarorsakir og heilsufar heillar þjóðar? Og forsætisráðherrann sem stóð fyrir því „mikilvæga verkefni að ráðast á fyrirtæki sem þjóðin hafði komið sér upp í sameiningu á fátæktarárunum og koma þeim í hendur góðra og framfarasinnaðra manna fyrir sæmilegt verð“ (80)? Leifrandi kaldhæðni sögumanns fer ekki framhjá neinum í mann- og þjóðfélagslýsingum sögunnar sem draga fram beiskan sannleikann um íslenskan samtímaveruleika.

Fóstbræðurnir Þorgeir og Þormóður, eiga ekki sömu velgengni að fagna og Haraldur Þjóðbankaeigandi. Þeir eru börn að aldri þegar þeir fremja fyrsta glæpin og eru um fertugt orðnir utangarðs- og undirmálmenn, smákrimmar og „byrjendur í bankarínum“ (100). Bankarín klúðrast vanalega hér á landi og eru þeir fóstbræður litlu betri en aðrir viðvaningar í þessu efni. Boðskapur sögunnar felst í örlögum þeirra: Smákrimmar fá makleg málagjöld meðan stórglæpamenn sleppa við refsingu í skjóli valds síns og áhrifa. Dauðans óvissi tími er Íslendingasaga á nýrri skeggöld og skálma – snýst um hefnd og sæmd, gæfu og ógæfu. Hún er í senn ísmeygilega fyndin og hörkuspennandi og felur í sér

hvassa ádeilu á samtímann, t.d. hvernig spilltir stjórnmálamenn og valdhafar misnota aðstöðu sína og draga landslýð á asnaeyrunum meðan fjölmiðlar þagga niður sannleikann eftir hentugleikum. Jón Ásgeir hannaði bókarkápu og bregst algerlega bogalistin, hvaða erindi á þessi ljóta kló á kápuna og við upphaf hvers kafla?

Steinunn Inga Óttarsdóttir
<http://steinunninga.wordpress.com/>